

Mál nr. 41/2017

**M
og
vátryggingafélagið V vegna fjölskyldutryggingar**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna frítímaslysatryggingar.

Gögn.

Málskot, dags. 03.02.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélags, dags. 15.02.2017 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa misstigið sig í janúar 2016. M leitaði til læknis á heilsugæslu í Reykjavík 5. febrúar 2016 vegna bólgu og verkja í ökkla hægra megin. Þá leitaði M til læknis á heilsugæslu í Rangárþingi í júní 2016 og í kjölfarið fór hún í myndatöku þar sem niðurstaðan var sú að margt benti til tognunar og viðarvarandi verkjavandamála.

V synjaði bótaskyldu þar sem ósannað þótti að orsakatengsl séu á milli atvika í tjónstilkynningu og áverka sem munu hafa verið greindir í júní. Fram kom að enginn samtímagögn staðfesti að einkenni M frá hægri ökkla hafi komið í kjölfar slyss og ekki verði byggt á frásögn M einnar sér þar sem hún hafi ekki stoð í gögnum þar sem einkenni eru tengd við tjónsatburð.

Álit.

Í málinu hefur komið fram hjá M að hún hafi misstigið sig í janúar 2016. M leitar á heilsugæsluna í Lágmúla í febrúar 2016 vegna verkja í fæti en ekki kemur fram að um slys hafi verið að ræða. Í sjúkraskrá heilsugæslunnar er skráð að M hafi verið bólgin og með verki innanvert neðan við ökkla hægra megin. Það er ekki fyrr en við komu á heilsugæslu í Rangárþingi sem fram kemur að M hafi misstigið sig fyrir nokkrum mánuðum síðan. Það líða þannig tæpir fimm mánuðir áður en tilgreint er hjá lækni að verkirnir séu tilkomnir vegna þess að M hafi misstigið sig.

Sannfærandi líkur þurfa að vera fyrir því að orsakatengsl séu milli einkenna og tjónsatviks með framlagningu sönnunargagna og eftir atvikum framburði vitna. Í málinu eru engin haldbær gögn sem styðja fullyrðingu M um að verkir og bólga í fætinum við hafi komið vegna ætlaðs slyss en þegar óhöpp verða er mikilvægt að sá sem fyrir því verður tryggi sönnun á því hvað gerðist og hvernig.

Með vísan til framangreinds og fyrirbyggjandi gögn málsins er ekki talið nægilega sannað að M hafi orðið fyrir slysi sem veiti rétt til bóta úr frítímaslysatryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.